


SKÝRSLA UM ÁSTAND VEGA OG GIRÐINGA Á FELLSMÖRK

Unnin af stjórn Félags landnema á Fellsmörk í kjölfar
skemmda vegna flóða haustið 2009



Dreifing:
Þróstur Ólafsson formaður Skógræktarfélag Reykjavíkur
Helgi Gíslason framkvæmdastjóri Skógræktarfélag Reykjavíkur
Heimasíða Félags landnema á Fellsmörk
Sveinn Pálsson sveitarstjóri Mýrdalshrepps

28.02.2010

0. Inngangur.

Tilgangur þessarar skýrslu er að taka saman hvernig staða mála er á Fellsmörkinni, skógræktarsvæði í Mýrdal sem Skógræktarfélag Reykjavíkur er með á leigu frá Jarðeignadeild Landbúnaðarráðuneytisins og endurleigir skógræktarspildur með byggingarrétti til félagsmanna sinna.


Það hefur verið árviss viðburður á þessu svæði að í miklum rigningum, sérstaklega á haustin, eiga sér stað mikil hlaup í jökulánum og flæmast þær um og eyðileggja vegi, girðingar og gróðurlendi. Mjög miklir vatnavextir voru í ágúst og september 2009 og urðu miklar skemmdir, sérstaklega þar sem varnargarðar voru í lélegu ástandi. Landnemar urðu innlykka á svæðinu og þurfti að aðstoða þá við að komast burt þegar sjatnaði í ánum. Komu fréttir um þetta í helstu fjölmiðlum. Hefur verið meira og minna ófært inn á svæðið síðan fyrir fólksbíla og óbreytta jeppa. Í þessari skýrslu og tilheyrandi fylgigögnum kemur fram hvernig ástandið á svæðinu er og í hvaða framkvæmdir þarf að ráðast á vormánuðum 2010. Er hér ekki eingöngu um að ræða framkvæmdir vegna skemmda eftir vatnavextina heldur einnig ýmis önnur brýn verkefni, sem sum hver hafa lengi verið þekkt.



Vegaskemmdir í október 2009.

1. Almenn um Fellsmörk.

Skógræktarsvæðið Fellsmörk afmarkast af Mýrdalsjökli að norðan, jökulgiljum að austan og vestan og að sunnan jökulánni Klifanda, sem veitt er frá vesturmörkunum langleiðina á móts við austurmörkin þar sem hún sameinast Hafursá. Fellsmörk er í raun tvískipt, annars vegar vestursvæðið (jörðin Fell) og hinsvegar austursvæðið (jörðin Keldudalur). Á milli þessara svæða eru jarðirnar Holt og Álftagróf, en jörðin Álftagróf var seld út úr Fellsmörkinni fyrir nokkrum árum. Á jörðinni Holti gengur sauðfé og hestar laust og á jörðinni Álftagróf eru hestar innan girðingar. Vegagerðin hefur haldið við Álftagrófarvegi (2279) frá Þjóðvegi 1 að bænum Álftagróf. Þegar komið er yfir brúna yfir Klifanda liggur “vesturslóði” til vesturs meðfram ánni og liggja Heiðarbraut, Gilbraut og Heiðarbraut út frá slóðanum. Brautin Dalbraut liggur að hluta til við Álftagrófarveg og við bæinn Álftagróf liggur vegarslóði til austurs “austurslóði” og við hann eru Keldudalur, Hlíðarbraut og Krókur.



Kort af Fellsmörk í Mýrdalshreppi.

Samtals eru 65 skipulagðar skógræktarspildur við þessar brautir, sem Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur leigt út til félagsmanna sinna. Leigjendur kalla sig landnema og hafa stofnað með sér félag, Félag landnema á Fellsmörk, sem starfar innan vébanda Skógræktarfélags Reykjavíkur. Sjá heimasíðu félagsins www.eirasi.net/fellsmork. Samkvæmt leigusamningum skal leigunni varið til framkvæmda á svæðinu, þ.e. greiðslu leigu til jarðeiganda, greiðslu opinberra gjalda og til viðhalds á girðingum og vegum. Auk þess hafa landnemar greitt sérstaka eingreiðslu, stofngjald, fyrir skipulagsvinnu, lagningu vega og til að girða svæðið af. Frá upphafi starfsemi á svæðinu hefur töluvert vantað upp á að þessum verkefnum hafi verið sómasamlega sinnt og hefur stór hluti leigutekna runnið inn í almennan rekstur Skógræktarfélags Reykjavíkur. Slik ráðstöfun leigutekna er ekki í samræmi við leigusamninga og í þessari skýrslu er bent á þau brýnu verkefni sem þarf að ráðstafa leigutekjum í.

Fæstir landnema eru með leigusamninga sem eru hæfir til þinglýsingar og stofnskjöl hafa aðeins verið útbúin fyrir 14 lönd af 37 sem eru í útleigu. Án stofnskjala er ekki lengur hægt að þinglýsa leigusamningum og löndin eru ekki skráð í fasteignaskrá.

2. Vestursvæði Fellsmerkur, jörðin Fell.

Vestursvæði Fellsmerkur er girt af á náttúrulegan hátt á þrjár hliðar. Að austanverðu er girðing, að hluta rafmagnsgirðing, milli svæðisins og Holts. Í landi Holts gengur búfénaður laus, hestar og kindur. Það er árviss viðburður að kindur séu á löndunum frá seinni hluta sumars og fram á haust þegar smalað er. Kindurnar komast inn á svæðið vegna þess að girðingin er ekki fjárheld þegar líða tekur á sumarið og einnig komast þær undir brúna sem jökulánni Klifanda er veitt undir. Girðingin hefur ekki verið kláruð til norðurs, því ekkert rafmagn er á u.þ.b. 400 metra kafla. Rafmagnsgirðingin er óvirk seinni hluta sumars þar sem gras nær upp í neðstu strengina og skammhleypir það rafmagninu til jarðar. Eigendur bæjarins Fells hafa frá upphafi leyft að girðingin væri tengd rafmagn á bænum en ef rjúfa þarf rafmagnið þarf að komast inn í húsið því enginn rofi er utandyra.



Sauðfé, vinum skógræktarmannsins, smalað saman og það rekið úr Fellsmörkinni, sem á að vera afgirt skógræktarsvæði.



Hér sést hvernig tveir strengir í rafmagnsgirðingunni standa upp úr grasinu en þrír strengir eru á kafi í grasi.

Vegarlóðinn "vesturslóði" sem tengir vestursvæðið við Álftagrófaveg er jeppafær þegar lítið er í ánni. Eftir mikla vatnavexti í haust brast varnargarður við Heiðarbraut og rennur áin eftir vegarstæðinu. Vegurinn liggur samsíða Klifanda og hefur áin hlaðið svo mikið undir sig að hún hleypur sífellt til norðurs og skolar veginum burt. Lækka þarf svæðið sem ánni er ætlað að renna um og hækka svæðið þar sem vegurinn á að vera. En það er ekki bara áin sem eyðileggur veginn heldur rennur vatn frá heiðinni yfir veginn á nokkrum stöðum. Þessu vatni þarf að veita undir veginn og út í Klifanda. Aðeins eitt ræsi er undir þennan tæplega kílómetra langa veg og það er við bæjarlækinn við gamla Fell á móts við Hólsbraut. Setja þarf ræsi áður en komið er að Hólsbraut, milli Hólsbrautar og Gilbrautar og milli Gilbrautar og Heiðarbrautar.



Hér vantar ræsi. Vatn rennur frá heiðinni, vinstra megin á myndinni, yfir veginn og stundum eftir honum. Hefóbundið ástand þegar Klifandi er til friðs.



Séð frá Heiðarbraut. Hér var varnargarður beint yfir í Einbúann fyrir miðri mynd. Klifandi hefur brotið sér leið í gegnum garðinn og rennur eftir veginum til vinstri. Hinum megin við Einbúann vantar varnargarð og áin leitar sífellt inn á veginn. Sjá hér að neðan.



Vegarslóðinn austan við Einbúann, á mótis við Gilbraut.



Nú rennur jökuláin Klifandi eftir vegarslóðanum eins og hún hefur oft gert áður.

2.1 Heiðarbraut.

10 lönd eru við Heiðarbraut, þar af eru 9 í útleigu og hafa sumarhús verið byggð á 6 þeirra.

Vegir:

Brautin inn með Klifanda er í slæmu ástandi og jafnframt étur áin sig sífellt nær veginum þar sem Heiðarbrautin byrjar og er ekki ólíklegt að hún haldi því áfram, sem myndi gera algerlega ófært upp Heiðarbrautina. Upp Heiðarbrautina er slóði, stundum bara grasslóði, sem gott væri að bera reglulega í, sérstaklega þar sem hann getur reynst heldur sleipur og hættulegur fólksbílum í miklum rigningum á sumrin.



Séð upp Heiðarbrautina.



Vegarslóðinn að Heiðarbrautinni.



Klifandi étur úr bakkanum við Heiðarbraut.



Hér var áður stuttur garður sem veitti ánni frá bakkanum.

Annað:

Búið er að gera stofnskjöl fyrir 6 lönd af 9 sem eru í útleigu og því unnt að þinglýsa leigusamningum vegna þessara landa.

2.2 Gilbraut.

12 lönd eru við Gilbraut, þar af eru 5 í útleigu og hafa sumarhús verið byggð á 3 þeirra.

Vegir:

Erfitt er að aka af vesturslóða upp í sjálfa Gilbrautina, sem er sundurgrafin að hluta vegna vatnsflaums í stórrigningum. Á það einkum við um neðri hluta brautarinnar sem er brött. Gilbrautin er vel jeppafær, en tæplega fær venjulegum fólksbílum. Þyrfti að setja ræsi í slakka í brautinni miðri, hefla og bera ofan í veginn. Til þess að hindra að vatn renni eftir veginum þegar rignir þyrfti að grafa grunnan skurð meðfram honum til að veita vatninu burt.



Séð upp neðsta hluta Gilbrautarinnar.



Í rigningum rennur vatn eftir öllum brautum á vestursvæðinu og skolar ofaníburði burt.

Annað:

Búið er að gera stofnskjöl fyrir 3 lönd af 5 sem eru í útleigu. Enginn landnemi er með leigusamning sem unnt er að þinglýsa.

2.3 Hólsbraut.

6 lönd eru við Hólsbraut og eru þau öll utan í fjallshlíð og aðeins takmarkað undirlendi. Af þessum 6 löndum eru 5 í útleigu en engin sumarhús hafa verið byggð á löndunum.

Vegir:

Lagning vegar hefur aldrei verið kláruð. Vegurinn liggur að landamerkjum lóðar 2 og 3. Land 1 er ekki í vegasambandi, það liggur töluvert frá veginum og eina leiðin til að komast að því er að aka yfir land 2, sem aðeins er fært fjórhjóladrifnum bílum. Ljóst er að það gengur ekki til lengdar þar sem landnemi á landi 2 er að planta í spilduna. Byggja þarf vegarslóðann upp og setja stærra ræsi í veginn við landamerki lóðar 2 og 3. Þar liggur framræsluskurður þvert á vegarslóðann og þegar mikið vatn er í skurðinum flæðir það upp á vegarslóðann og rennur eftir honum niður alla brautina. Við það skolast allur ofaníburður í burtu og vegurinn verður illfær minni bílum. Þannig er ástandið núna.



Séð niður Hólsbrautina frá landamerki landa 2 og 3. Hér endar vegurinn og liggur langt frá landi 1. Aðeins er fært jeppum að löndum 4-6.

Annað:

Stofnskjöl hafa ekki verið útbúin fyrir löndin og því er ekki hægt að þinglýsa leigusamningum. Aðeins 1 landnemi er með leigusamning sem hægt væri að þinglýsa ef stofnskjöl lægi fyrir.

2.4 Dalbraut.

Við Dalbraut eru 15 lönd, þar af 1 í útleigu og ekkert sumarhús hefur verið byggt.

Vegir:

Lönd 1 til 4 eru við Álftagrófaveg. Veginum er haldið við af Vegagerðinni. Enginn vegur hefur verið lagður um lönd 5 til 15 heldur er ekið í grasinu meðfram fjallshlíðinni. Til að komast þangað þarf að aka eftir vegarslóða sem liggur um Holtlandið, sem er í einkaeign.

Annað:

Engin stofnskjöl hafa verið útbúin fyrir löndin.



Dalbraut. Álftagrófavegur liggur meðfram fjallinu Felli og löndum 1-4. Hann sveigir síðan til austurs inn á Holtlandið og þar þarf að fara um til að komast að löndum 5-15.



Enginn vegur er um lönd 5-15.

3. Austursvæði Fellsmerkur, jörðin Keldudalur.

Austursvæðið (Keldudalur) afmarkast frá landi Álftagrófar við Keldudalsá og landi Holts inn að jökli í vestri að Lambárgili í austri. Í norðri nær svæðið inn eftir heiðarlöndum að jökli. Í suðri afmarkast svæðið óljóst af aurum við Lambá/Hafursá.

Í upphafi var ákveðið að girða einungis af ræktunarsvæðið í landi Keldudals. Girt er milli Álftagrófar og Keldudals, þannig að girðing liggur frá Keldudalsá upp Keldudalsheiðina og austur í Lambárgil. Þaðan eftir Lambárgili niður á aurinn og svo vestur eftir aurnum. Girðingar sem settar hafa verið á aurnum eru nú að mestu ónýtar vegna ágangs Hafursár og Lambár. Undanfarin ár hefur verið unnið við endurbætur á girðingum sem liggja austur eftir aurnum og upp á Keldudalsheiði. Í flóðum s.l. haust hafa þær skemmt og þurfa mikla viðgerð fyrir komandi sumar. Inn eftir Lambárgili hefur girðingin haldið fé frá en eftir að komið er upp á Keldudalsheiðina tekst fénu að koma sér yfir eða undir girðinguna. Megin ástæðan fyrir því er að þegar líða fer á sumar og gras farið að vaxa upp að girðingum, fer rafmagn að leiða út af þeim og skila þær litlum árangri.



Austursvæðið. Hér má sjá hvernig Hafursá rennur meðfram gróðurlöndinu til suðurs.

Aðalstofnbraut austur frá Keldudalsá er að mestu ónýtt vegna vatnavaxta s.l. haust. Hafursá og Lambá brutu sér leið í gegnum varnargarð sem staðsettur er fyrir framan Krók. Sá varnargarður er í eigu og umsjá Landgræðslu ríkisins. Landgræðslunni hefur verið gert viðvart og kom maður frá þeim í vettvangskönnun s.l. haust. Landgræðslan telur ekki líklegt að fjárveiting fái til þess að laga varnargarðinn.

Landeigandi Álftagrófar (Haraldur Ólason) hefur girt sitt land þannig að í gegnum hans land á ekki að komast fé austur í Keldudal. Girðingin sem aðskilur Álftagróf og Keldudal er ekki staðsett á mörkum landanna því hún er í landi Keldudals. Einnig vantar um 400 metra á fulla lengd girðingarinnar til suðurs.



Séð til austurs. Vegarstæðið eins og það var. Sjá má hvernig ofaníbúður skolast úr veginum eftir rigningar.



Séð til vesturs. Vegarstæðið orðið að árfarvegi, hvorki fært bílum né bátum.



Séð til vesturs eftir vatnavexti.

3.1 Keldudalur.

Í Keldudal eru 5 lönd og eru þau öll í útleigu. Búið er að byggja sumarhús á tveimur löndum.

Vegir:

Það þarf að færa neðsta hluta vegarins til vesturs og ræsa skurðina, þeir gera ekkert gagn eins og er. Bera þarf í veginn og fjarlægja verstu hryggina.

Annað:

Það þarf að laga merkinguna á brautinni hún er fúin og liggur niðri.

Búið er að gera stofnskjöl fyrir 2 af 5 löndum sem eru í útleigu. Enginn landnemi er með þinglýstan leigusamning.



Séð upp neðsta hluta vegarins í Keldudal.

3.2 Hlíðarbraut.

Við Hlíðarbraut eru 9 lönd og eru 5 þeirra í útleigu. Búið er að reisa smáhýsi á tveimur löndum.

Vegir:

Það vantar ofaniburð í Hlíðarbrautina sjálfa. Það hefur ekki verið borið ofan í veginn í nokkuð mörg ár og er orðið illfært fyrir flesta fólksbíla. Hætt er við að þeir rekist niður. Önnur vandamál hafa í raun ekki verið með veginn í Hlíðarbrautinni sjálfri.

Annað:

Engin stofnskjöl hafa verið útbúin fyrir löndin. Einn landnemi er með þinglýstan leigusamning.



Hryggur í Hlíðarbrautinni og ofaniburður að hverfa.

3.3 Krókur.

Í Króki eru 8 lönd og eru þau 7 í útleigu. Búið er að byggja sumarhús á 3 löndum og smáhýsi á einu landi.

Vegir:

Slóðar inn í Krókinn og á svæðinu hafa verið til fríðs en þyrftu ofaniburð. Leiða þarf vatn frá veginum inn í Krók.

Annað:

Búið er að gera stofnskjöl fyrir 3 lönd af 7 sem eru í útleigu. Tveir landnemar eru með þinglýsta leigusamninga.



Krókur. Ofaniburð vantar í veginn.

4. Fjármál – Fjármögnun nauðsynlegra framvæmda – Tillaga

Af framansögðu má ljóst vera að brýnt er að ráðast í kostnaðarsamar framkvæmdir við varnargarða, stofnbrautir, vegslóða og girðingar á Fellsmörk. Kostnaðaráætlun framkvæmda liggur ekki fyrir, en gera má slíka áætlun grundvallaða á framkvæmdaáætlun.

Hvar og hvernig er unnt að nálgast fé til þessara brýnu framkvæmda ?

Minnt er á að stofngjöld lóða landnema áttu að standa undir lagninu vega og uppsetningu girðinga, en árgjaldi skyldi varið m.a. til viðhaldsverkefna, en í ljósi aðstæðna allra stilla skýrsluhöfundar upp eftirfarandi tillögu.

Fyrir árið 2009 var innheimt leiga fyrir hvert land 58.292 kr. Samtals voru 38 lönd í útleigu af 65 skipulögðum löndum.

Leiga til jarðeiganda er 3% af fasteignamatí jarðanna. Fasteignamat árið 2009 fyrir Keldudal var 121.000 kr. og fyrir Fell 4.205.000 (þar af ónýt hlaða 2.810.000 kr.). Fasteignaskattur árið 2008 var 0,56%. Þegar þetta er skrifað liggja ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um útgjöld til viðhaldsframkvæmda og annars, s.s. fasteignagjöld, fjallskil og tryggingar.

Yfirlit yfir tekjur og gjöld vegna starfsemi SR á Fellsmörk er því grófum dráttum þannig m.v. árið 2009:

Leigutekjur 38 lönd.	2.215.096 kr.
Viðhaldsframkvæmdir (u.þ.b.)	-520.000 kr.
Leiga 3% af fasteignamati	-129.780 kr.
Opinber gjöld og annað (áætlað)	-50.000 kr.
Óráðstafað fé í árslok 2009	1.515.316 kr.

Óráðstafað fé vegna starfseminnar á Fellsmörk mun að öllum líkindum hafa numið hliðstæðri upphæð á hverju ári frá því að starf hófst á Fellsmörk. Upplýsingum um það má fletta upp í bókhaldi Skógræktarfélags Reykjavíkur. Það - að nota ekki stærri hluta af óráðstöfuðu fé til varanlegra framkvæmda við vegi og varnargarða á Fellsmörk í árána rás - er að hluta til ástæða þess hversu ástandið á svæðinu er slæmt.

Það er tillaga skýrsluhöfunda að Skógræktarfélag Reykjavíkur taki þá ákvörðun að ráðstafa árlegu óráðstöfuðu fé vegna starfsins á Fellsmörk til þess að koma samgöngum á svæðinu í varanlegt horf. Hugsanlega væri um að ræða að ráðstafa óráðstöfuðu fé nokkur ár í röð, þar til verkefnið væri að fullu leyst. Framkvæmdir við varanlegar umbætur þurfa að hefjast það tímanlega að samgöngur verði komnar í viðunandi horf fyrir sumarið 2010.

5. Niðurlag

Leiða má rök að því að verði samgöngum á Fellsmörk ekki komið í viðunandi horf til framtíðar, þ.e. varnargarðar lagfærðir og stofnbrautum og slóðum komið í aksturshæft ástand, er starfi landnema á Fellsmörk í raun lokið. Það segir sig sjálft, að sé ekki unnt að komast að löndum og gróðursetningarsvæðum með plöntur og áhöld, er starfsemi sjálfhætt, en vilji landnema til áframhaldandi starfs er þó óbreyttur.

Vatnaskil eru hugsanlega handan við hornið í starfinu á Fellsmörk. Sjái landnemar ekki fram á að geta komist að spildum sínum næsta sumar - er tæplega hægt að ætlast til þess að þeir greiði leigu fyrir afnotin næsta ár. Það fær ekki staðist að leigutakar greiði leigu af spildum og réttindum sem nýtast þeim ekki vegna vanefnda leigusala. Það er á valdi landeiganda (Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins) og leigutaka (Skógræktarfélags Reykjavíkur) hvort starfi landnema á Fellsmörk verði haldið áfram á komandi árum, þar sem landnemar hafa gróðursett um 340.000 plöntur frá því að verkefnið hófst árið 1989 (sjá fsk. 6), þ.e. u.þ.b. 17.000 plöntur á ári að meðaltali.

Landnemar hafa auk starfa sinna við gróðursetningu og jarðabætur á Fellsmörk fjárfest í framkvæmdum, landbótum og fasteignum, sem koma ekki til með að nýtast þeim án úrbóta skv. framanskráðu. Verði þeim ókleyft að nýta eignir sínar og réttindi vegna vanefnda landeiganda og leigusala hljóta að vakna spurningar um bótarétt og bætur úr hendi fyrrgreindra aðila.

Í tölvupósti formanns Landnema á Fellsmörk, dags. 25.11.2009 til formanns og framkvæmdastjóra Skógræktarfélags Reykjavíkur var bent á alvarleika þess ef samgöngumannvirki á Fellsmörk yrðu ekki komin í nothæft ástand áður en sumar gengi í garð. Niðurstaða þessarar skýrslu þarf því ekki að koma ráðamönnum hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur á óvart. Það er von Félags landnema á Fellsmörk að skýrsla þessi verði tekin sem fyrst fyrir hjá stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur og að málalyktir verði jákvæðar.

6. Fylgiskjöl

- Fsk. 1 Verkefnalisti Fellsmerkur 2010
- Fsk. 2 Loftmyndir – GPS –mælingar af Fellsmörk
- Fsk. 3 Yfirlitsmynd yfir tjón á varnargörðum og vegum á vestursvæði
- Fsk. 4 Yfirlitsmynd yfir tjón á varnargörðum og vegum á austursvæði
- Fsk. 5 Myndir af flóðum haustið 2009
- Fsk. 6 Helstu skógræktar- og landgræðsluverkefni á Fellsmörk 1989 – 2009

Skýrslan er unnin af stjórn Félags landnema á Fellsmörk 2009 – 2010.

Stjórnina skipa:

Hannes Siggason formaður.

Fulltrúi Heiðarbrautar: Sigrún María Kristinsdóttir / Sveinn Björnsson

Fulltrúi Gilbrautar: Sveinn Baldursson

Fulltrúi Hólsbrautar: Kjartan Kárason

Fulltrúi Keldudals: Guðrún S. Ólafsdóttir

Fulltrúi Hlíðarbrautar: Einar Ragnar Sigurðsson

Fulltrúi Króks: Hjalti Elfásson

Opna viðauka skýrslunnar á vef Fellsmerkur

http://www.eirasi.net/fellsmork/stadhaettir/Fellsmork_astand_h2009_fylgiskjol.pdf

Opna fylgiskjöl skýrslunnar á vef Fellsmerkur

http://www.eirasi.net/fellsmork/stadhaettir/Fellsmork_astand_h2009_fylgiskjol.pdf